

AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Hornafjarðar 1998-2018,
Víkurbraut 11 og 13 og Hótel Höfn.**

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. júlí 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hornafjarðar 1998-2018 frá 23. janúar 2001.

Breytingin felst í því að tvær lóðir við Víkurbraut 11 og 13 breytast úr íbúðarsvæði í miðsvæði. Einnig breytist lóð Hótel Hafnar úr svæði fyrir þjónustustofnanir í miðsvæði.

Skipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 9. júlí 2007.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Logi Kjartansson.

B-deild – Útgáfud.: 25. júlí 2007